

Brunavarnarnefnd, fundur nr. 1

Dags. 20.10.2010

### Fundargerð brunavarnarnefndar – 20.10.2010

Fyrsti fundur í sameiginlegri brunavarnarnefnd Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps á nýju kjörtímabili sveitarstjórna, haldinn á skrifstofu Þingeyjarsveitar á Laugum þann 20. október 2010, kl. 16:00.

Fundurinn var boðaður aðal- og varamönnum nefndarinnar.

Mætt voru:

Aðalmenn: Arnór Benónýsson og Helga A. Erlingsdóttir fyrir Þingeyjarsveit og Hólmgeir Hallgrímsson fyrir Skútustaðahrepp.

Varamenn: Þórunn Jónsdóttir og Garðar Jónsson fyrir Þingeyjarsveit .

Slökkviliðsstjóri: Bjarni Höskuldsson.

Einnig voru mætt: Tryggvi Harðarson sveitarstjóri Þingeyjarsveitar, sem boðaði til fundarins og Guðrún María Valgeirsdóttir sveitarstjóri Skútustaðahrepps.

1. Tryggvi Harðarson setti fund og gerði grein fyrir fundarefninu.
2. Kosinn formaður, Arnór Benónýsson, sem tók þá við fundarstjórn. Þá var Helga A. Erlingsdóttir ritari.
3. Lagt var fram skipurit af stjórnar- og ákvarðanaferli slökkviliðsins sem ákveðið var að ræða nánar á næsta fundi. Einnig var farið yfir samstarfið um slökkviliðið milli sveitarfélaganna . Öll stærri tæki verði sameiginleg en síðan verði almennur búnaður til á hverri starfsstöð.
4. Slökkviliðsstjóri lagði fram til umræðu minnispunkta í 6 liðum.
  - a) Fjármagn til reksturs slökkviliðs og eldvarnareftirlits. Mannafli.

Nægilegur mannaflí er til staðar en slökkviliðsstjóri leggur til að viss kjarni verði þjálfaður, 4-6 menn á stöð, með því að sækja æfingar og fá þeir þá föst mánaðarlaun, miðað er þá við 2 æfingar á mánuði. Reykköfun er nauðsynlegur þáttur í þjálfuninni.

Ljóst er að auka þarf fjárframlög til slökkviliðsins til að standa straum af þeim kostnaði sem þessu fylgir.
  - b) Nú þegar slökkvilið Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar hefur verið sameinað þarf það að fá nafn. Nefndin leggur til að það heiti Slökkvilið Þingeyinga.
  - c) Búnaður. Það vantar marga galla og mörg pör af stígvélum svo og reykköfunarhettur, vettlinga og undirföt. Án vsk. kostar þessi búnaður u.þ.b. 112.700 kr.á mann.

Þá vantar sárlega „fjarskiptabúnað“ fyrir reykkafara til að geta verið í sambandi. Öll fjarskipti fara nú í gegn um tetra kerfið og er nauðsynlegt að koma öllum fjarskiptabúnaði smám saman í þann farveg.

Þá vantar vatnsþró sem kostar um 500.000 kr.

Einnig vantar greinistykki, fleiri stúta og sárlega vantar reykköfunarbelti. Áfram má telja; rafstöð í Man dælubíl á Laugum. Ryksugu-vatnssugu vantar en hún kostar 100-140 þús. Verið er að smíða kerru í Árteigi undir lausa dælu sem staðsett er í Aðaldal. Loftþessa, til að hlaða loftkúta fyrir reykkafara, er til á Stórutjörnum en er of lítil. Loftþessa kostar um 400 þús.
  - d) Slökkviliðsstjóri gerði grein fyrir reglum um einkennisfatnað varðandi eldvarnareftirlit. Samþykkt að slökkviliðsstjóri þurfi að vera rétt merktur á eldvarnareftirlitsferðum sínum um sveitarfélagið.

**e)** Eldvarnaráætlanir. Endurvinnna þarf áætlanir sveitarfélaganna í vetur. Ákveðið að sameina þær og slökkviliðsstjóra falið að vinna að því máli.

**f)** Ljóst er að það þarf nýja slökkviliðsstöð í Mývatnssveit sú sem fyrir er nægir ekki til að þjóna slökkviliðinu og á Laugum er húsnæðið það lítið að mjög erfitt er að athafna sig þar.

**5.** Rætt var um hvernig best væri að fá þjónustu þegar nota þarf klippur þegar bíslýs eiga sér stað. Klippur eru nú á vegum slökkviliða. Til eru eldri klippur í Mývatnssveit sem ákveðið var að nota áfram, en síðan verði að fá klippur frá Húsavík eða Akureyri eftir þörfum.

Nefndin felur slökkviliðsstjóra að koma með kostnaðaráætlun fyrir næsta fund og forgangsraða búnaðar- og tækjakaupum.

Fleira rætt en ekki bókað. Fundi slitið kl. 17:20.

Helga A. Erlingsdóttir